

OFBELDISVARNARNEFND

Ár 2015, mánudaginn 9. nóvember, var haldinn 1. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14.10. Viðstödd voru Heiða Björg Hilmsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Hildur Valdís Guðmundsdóttir, Líf Magneudóttir, Sigprúður Guðmundsdóttir, Jenný Ingudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir og Helga Björk Laxdal sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt er til að því verði beint til borgarstjórnar að Heiða Björg Hilmsdóttir verði kjörin formaður ofbeldisvarnarnefndar.
Samþykkt.
2. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík dags. 31. mars 2015, þar sem fram kemur samþykkt hátíðarfundar borgarstjórnar frá 31. mars sl. þar sem forsætisnefnd var falið að hefja undirbúning að stofnun ofbeldisvarnefndar á vegum mannréttindaráðs. Einnig er lögð fram samþykkt ofbeldisvarnarnefndar sem samþykkt var í borgarstjórn. 16. júní 2015.
 - Kl. 14.19 tekur Magnús Már Guðmundsson sæti á fundinum.
 - Kl. 14.29 tekur Sigríður Björk Guðjónsdóttir sæti á fundinum
3. Fram fer kynning á verkefnum ofbeldisvarnarnefndar og aðgerðum Reykjavíkurborgar sem tengist verkefnum nefndarinnar.
4. Samþykkt að halda næsta fund ofbeldisvarnarnefndar þann 30. nóvember 14-16.

Fundi slitið kl. 15.25